

AUGLÝSING

um almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hlutafélagalöggjafarinnar.

Ákvörðun viðskiptaráðherra samkvæmt auglýsingu þessari er einkum ætlað að vera til hagræðis ríkisborgurum og lögaðilum frá öðrum OECD-ríkjum en þeim sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en getur einnig komið að notum þeim ríkisborgurum og lögaðilum EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingum og færeyskum lög-aðilum sem heimilisfastir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins, landsvæðis stofnsamningsins og Færeysja. Þeir ríkisborgarar og lögaðilar EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingar og færeyskir lögaðilar, sem heimilisfastir eru á Evrópska efnahagssvæðinu, landsvæði stofnsamningsins eða í Færeymum, njóta þegar undanþágu á grundvelli laga.

Í ákvörðuninni, sem geymir undanþágu frá 3., 66., 137. og 140. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 3., 42., 111. og 114. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, felst nánar tiltekið að ríkisborgarar OECD-ríkja, EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingar þurfa ekki að vera heimilisfastir hér á landi til að geta verið stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar íslenskra hluta- eða einkahlutafélaga eða útibússtjórar erlendra hluta- eða einkahlutafélaga á Íslandi heldur nægir að ríkisborgararnir séu heimilisfastir í einhverju OECD-ríkja, EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeymum.

Þá þurfa hlutafélög og önnur félög og stofnanir, sem standa að stofnun hluta- eða einkahlutafélaga hér á landi og vísað er til í 3. gr. hluta- og einkahlutafélagalaga, ekki að vera heimilisfost hér á landi heldur nægir að þau séu heimilisfost í OECD-ríki, EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeymum. Loks geta erlend hluta- og einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í einhverju OECD-ríkja, EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeymum, stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Í vafatilvikum getur hlutafélagaskrá, sem umsóknir um skráningu hluta- eða einkahlutafélaga eru sendar til, þó borið einstök mál undir viðskiptaráðherra.

Eftirtalin OECD-ríki, EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeysja falla undir undanþágureglu laga og auglýsingarinnar samkvæmt framansögðu miðað við 1. mars 2009:

Ástralía	Ísland	Portugal
Austurríki	Ítalía	Pólland
Bandaríkin	Japan	Rúmenía
Belgía	Kanada	Slóvakía
Bretland	Kórea (Suður-Kórea)	Slóvenía
Búlgaría	Kýpur	Spánn
Danmörk	Lettland	Sviss
Eistland	Liechtenstein	Svíþjóð
Finnland	Litháen	Tékkland
Frakkland	Lúxemborg	Tyrkland
Færeysjar	Malta	Ungverjaland
Grikkland	Mexíkó	Þýskaland
Holland	Noregur	
Írland	Nýja Sjáland	

Nr. 364

24. mars 2009

Auglýsing þessi, sem gefin er út skv. 158. gr., sbr. 3., 66., 137. og 140. gr., laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 135. gr., sbr. 3., 42., 111. og 114. gr., laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi auglýsing nr. 828/2007 um almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hlutafélagalöggjafarinna.

Viðskiptaráðuneytinu, 24. mars 2009.

Gylfi Magnússon.

Jónína S. Lárusdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2009